

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, móttökustöð og Þernunesi.

2. gr.

Sorpförgunargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2019 er gjaldið kr. 14.079 fyrir förgun á innihaldi hverrar almennrar sorptunnu.

Sorprehreinsunargjald þ.e. gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, annarrar en förgunar, greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Árið 2019 er gjaldið kr. 29.664 fyrir hverja almenna sorptunnu.

3. gr.

Á móttöku- og söfnunarstöðum er einungis hægt að greiða fyrir gjaldskyldan úrgang með klippikorti. Heimili í Fjarðabyggð fá úthlutað einu klippikorti á ári en fyrirtæki þurfa að greiða fyrir kortin. Kortið gildir fyrir 4,0 m³ af gjaldskyldum úrgangi og er því skipt niður í 0,25 m³ hluta. Gjaldskyldur úrgangur er t.d. blandaður úrgangur, grófur úrgangur og timbur. Úrgangur sem ber úrvinnslugjald svo sem pappi, málmar, plastumbúðir, hjólbardar, raftæki og flest spilliefni eru gjaldfrjáls.

Klippikortin gilda einungis á móttöku- og söfnunarstöðum en ekki á urðunarstað.

Hámarksfarmstærð er 2 m³ fyrir alla viðskiptavini söfnunarstöðva Fjarðabyggðar. Stærri farma skal fara með í móttökustöðina á Reyðarfirði. Fyrirtækjagáma eða sambærilega farma ber að fara með beint á Þernunes. Gjaldskyldur úrgangur undir 0,25 m³ ber lágmarksgjald.

	Kr./kg án VSK	Kr./kg með VSK
<i>Klippikort 4 m³</i>	9.200	11.408

Spilliefni: Ef spilliefni ber ekki úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði skv. gjaldskrá þjónustuaðila.

4. gr.

Gjold vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi.

	Kr./kg án VSK	Kr./kg með VSK
--	------------------	-------------------

Óflokkaður úrgangur:

<i>Blandaður úrgangur</i>	18,0	22,3
---------------------------	------	------

Úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil eða til sérstakrar meðhöndlunar

<i>* Grófur úrgangur</i>	22,0	27,3
--------------------------	------	------

Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega.

Dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, veiðarfæri, húsgögn, jarðvegur, steinefni og gler

Flokkaður úrgangur:

<i>Timbur</i>	16,0	19,8
---------------	------	------

Hvítmálað, plasthúðað og blandað

<i>Hreint timbur</i> sem má nýta í landmótun	14,0	7,4
--	------	-----

Móttaka í móttökustöð á Reyðarfirði

<i>Kjöt og sláturmúlgur</i>	18,0	22,3
-----------------------------	------	------

* <i>Seyra</i>	17,0	21,8
* <i>Fita</i>	17,0	21,8
* <i>Olíumengaður úrgangur</i>	20,0	24,8
* <i>Sóttmengaður úrgangur</i>	20,0	24,8

* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi. Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Íslenska gámafelagsins.

5. gr.

Gjalddagar gjalda skv. 2. gr. fylgja reglum um gjalddaga fasteignagjalda og er skipt jafnt niður á þá. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3., 4. og 5. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 247/2011, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2019. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 1148/2017.

Fjarðabyggð, 30. nóvember 2018.

Karl Óttar Pétursson bæjarstjóri.